

Halldór H. Halldórsson

Halldór gekk til liðs við hestamannafélagið Andvara á miðju ári 1983. Tók sæti í Bygginganefnd Andvara 1984, er farið var að huga að byggingu félagsheimilis og félagshesthúss.

Starfaði í mótanefnd félagsins, fyrst 1985 og margoft síðan, oftast við fótaskoðun á íþrótt- og gæðingakeppnum félagsins, einnig sem ritari, mótsstjóri ofl.

Var gjaldkeri félagsins á árunum 1992 – 1995 og starfaði þá mikið við gerð gæðingavallar félagsins, telst til að hafa lagt þar fram ríflega 300 vinnustundir. Sá um útleigu á félagsheimili og félagshesthúsi. Á þessum tíma var einnig unnið að fyrstu raflýsingu á Kjóavallahringnum, samdi við verktaka sem áttu lægsta boð. Samdi við Topphesta 1993 um rekstur reiðskóla félagsins og hefur samstarf verið milli Andvara og Topphesta síðan um rekstur reiðskólans.

Tók þátt í skrautreið og heiðursverði á lýðveldishátíðinni á Þingvöllum 17. júní 1994 á fimmtíu ára afmæli lýðveldisins.

Starfaði í Ferðanefnd Andvara frá 1995 - 2005 lengst af sem formaður, og aftur í Ferðanefnd 2010. Farnar voru yfirleitt 4 – 5 ferðir á innistöðu tímanum, Skírdagsreið, Kaldársel, Húsmúlarétt, Hafravatnshringur og svo grill í Gjáarrétt (síðar í Gjármót), grillferðirnar skiluðu oftast talsverðum tekjum fyrir Andvara.

Var fulltrúi Andvara í Landsmótsnefnd vegna landsmóts í Reykjavík árið 2000, kom þar að ýmsum störfum varðandi undirbúning og sá um fótaskoðun hjá barna- og unglíngaflokkum á landsmótinu.

Varamaður í stjórn Landssambands hestamannafélaga (LH) 2002 – 2006, en starfaði sem aðalmaður í stjórn, og sat alla stjórnarfundir á tímabilinu. Starfaði aðallega að samgöngu- og reiðvegamála innan stjórnar. Í Samgöngunefnd LH frá 2004 og formaður nefndarinnar frá 2006. Hefur setið flest Landsþing frá árinu 1992 og flutt þar nokkrar tillögur sem hafa hlotið brautargengi. Tillögur er lúta að réttarstöðu ríðandi umferðar, auknu fjármagni til reiðvega af samgönguáætlun, skráningu reiðleiða í kortasjá og stýri því verkefni, sjá [www.lhhestar](http://www.lhhestar.is) kortasjá / reiðleiðir. Einnig tillögur er lúta að æskulýðsstarfi. Situr í varastjórn SAMÚT, samtaka útivistarhópa, varafulltrúi LH í samráðsnefnd um samgöngur í Vatnajökulsþjóðgarði, varafulltrúi LH í nefnd um landmótunarstefnu hálandis Íslands.

Starfaði í Reiðveganefnd Andvara frá árinu 1996, formaður frá 1998, starfað í Reiðveganefnd Kjalarnesþings hins forna, sem er sameiginleg reiðveganefnd allra hestamannafélag á suðvesturlandi, frá 1998. Formaður þeirrar nefndar frá 2000 – 2008 og er gjaldkeri þar í dag. Barðist gegn lokun á hestaumferð um Vífilsstaðahlíð sem gert var árið 2000, fékk reiðveg samþykktan á skipulag þar, ferli sem tók tvö ár. Þá tók við fjármögnun reiðvegarinnar það tók önnur tvö ár og nýr reiðvegur um Vífilsstaðahlíð var svo formlega vígður 17. júlí 2004. Barðist fyrir og fékk samþykktan reiðveg í Hjalladal um Gjármót og suður fyrir Smyrlabúð, einnig áningunni í Gjármótum. Samdi við Þorstein Hjaltsted Vatnsendabónnda um leyfi til að leggja reiðveg frá Elliðavatni að hliði á línuvegi í Heiðmörk. Vann að reiðvegagerð um Vatnsás að Grunnvötnum og breikkun reiðvegar á Kjóavöllum, vann að reiðvegagerð um Hólmsheiði ásamt þá verandi formanni Fáks (Snorra Ingimarssyni). Hefur unnið að fjármögnun allra þessara reiðvegaverkefna. Vann að samningum við Orkuveitu Reykjavíkur um afnot af

Þjónustuvegi meðfram Hellisheiðaræð sem reiðvegi austur fyrir Hellisheiðarvirkjun. Í dag er beðið eftir framkvæmdaleyfi fyrir reiðveg frá Andvarasvæðinu í Grunnuvatnaskarð og áfram að Grunnuvötnum og að reiðvegi um Vatnsás.

Fyrir störf sín í þágu hestamennskunnar hlýtur Halldór gullmerki LH.